

Nr. 019 / 13 Alpine Duke og Vilhelm Þorsteinsson EA 11**Atvik við Garðskaga**

IMO.nr. 9470909
 Fánaríki: Marshall Island
 Smíðaður: Suður Kórea 2009, stál
 Stærð: 29.130 GT
 Mesta lengd: 183,17 m
 Breidd: 32,23 m Dýpt: 18,8 m
 Vél: Hyundai - B&W
 Fjöldi skipverja:



Alpine Duke ©Útgerð

Skipaskr.nr. 2410
 Smíðaður: Póllandi og Noregi 2000, stál
 Stærð: 1632,5 brl. 3239 bt.
 Mesta lengd: 78,96 m Skráð lengd: 69,34 m
 Breidd: 15,94 m Dýpt: 9,5 m
 Vél: Wärtsilä 5520 kW, 2000
 Fjöldi skipverja: 24



Vilhelm Þorsteinsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. mars 2013 um kl. 05:00 var olúskipið Alpine Duke á siglingu í aðskildri siglingaleið vestur fyrir Garðskaga og uppsjávarveiðiskipið Vilhelm Þorsteinsson EA 11 á NV stefnu út frá Helguvík. Veður: VNV 2-6 m/s.

Alpine Duke var með Vilhelm Þorsteinsson á bakborða og taldi vakthafandi stýrimaður olúskipsins vera hættu á árekstri. Þegar um ein sjómíla var á milli skipanna ákvað hann að beygja skipinu til stjórnborða og sigla því í hring. Hann reyndi árangurslaust að ná sambandi við Vilhelm Þorsteinsson á VHF rás 16 og hafði þá samband við Vaktstöð siglinga (VSS) sem reyndi það einnig en án árangurs. VSS náði símasambandi við Vilhelm Þorsteinsson.

Við rannsókn kom fram:

- að vakthafandi stýrimaður Vilhelms Þorsteinssonar kvaðst hafa úttsett siglingu Alpine Duke og samkvæmt því hefðu skipin átt að vera næst

hvort öðru (CPA) í 0,7 sml fjarlægð. Hann hafi þá metið það svo að ekki væri um árekstrarhættu að ræða;

- að við athugun á stöðu VHF talstöðvar þá hefði hún verið á viðunandi stillingu að mati stjórnandans eða á um 60% hávaðastillingu. Ekki liggur fyrir skýring á hvers vegna ekki náðist í skipið á VHF rás 16 en hún reyndist virka vel þegar hún var prófuð eftir atvikið;
- að stefna Vilhelms Þorsteinssonar yfir aðskilda siglingaleið var undir 52° horni;
- að í 10 grein alþjóðasiglingareglna um aðskildar siglingaleiðir segir í c lið „Skip skal eftir því sem framast er unnt forðast að sigla yfir einstefnuleiðir, en ef það er óhjákvæmilegt, skal fara yfir leiðina á stýrðri stefnu sem myndar sem næst rétt horn við meginstefnu skipaumferðarinnar“.

Nefndarálit:

Nefndin bendir á skipstjórnarmaður Vilhelms Þorsteinssonar fór ekki að alþjóðasiglingareglum.